

Gerðarþoli er hér ekki, en fyrir hann mætir Trausti Þorláksson stjórnarformaður, sem starfar hér. Áminntur um sannsögli kveðst hann ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda og ábendingu mætta lýsti fógæti yfir fjárnámi í eign gerðarþola, húseigninni nr. 8 við Bíldshöfða.

Fógæti skýrði þýðingu gerðarinnar. Fallið var frá virðingu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.

Föstudaginn 28. janúar 1972.

Nr. 87/1971. Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps

(Sveinn H. Valdimarsson hrl.)

gegn

Bæjarsjóði Seyðisfjarðarkaupstaðar og

gagnsök (Tómas Árnason hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fyrning.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. júní 1971. Krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar í héraði og svo fyrir Hæstarétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, en aðaláfrýjandi fékk gjafsókn hér fyrir dómi með leyfi 30. nóvember 1971.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 3. ágúst 1971. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms, en að vextir verði dæmdir frá 31. desember 1966 til greiðsludags. Þá krefst gagnáfrýjandi málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Olína Ísleifsdóttir, fædd 28. apríl 1880, var lögð inn á Sjúkrahús Seyðisfjarðar hinn 31. júlí 1966 vegna gallblöðru-sjúkdóms (cholecystopathia) og ellikramar (marasmus senilis). Dvaldist hún þar, þar til hún lézt, 19. október 1967, en ekki er upplýst, eftir beiðni hvers hún var lögð inn á

sjúkrahúsið, og var ekki leitað eftir ábyrgð aðaláfrýjanda fyrir dvalarkostnaði hennar. Krefur gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda í máli þessu um greiðslu fyrir sjúkrahúsvist Ólínu fyrir tímabilið 31. júlí 1966 til 31. desember s. á., kr. 64.685.00.

Telja verður, að ellikröm hafi einkum ráðið því, að Ólína heitin var vistuð á sjúkrahúsinu, en í óstaðfestu vottorði Þorsteins Sigurðssonar, héraðslæknis í Egilsstaðakauptúni og samlagslæknis aðaláfrýjanda, dags. 20. janúar 1971, segir: „Hér með vottast, að Ólína Ísleifsdóttir, f. 28/4 1880, Geirastöðum, Hróarstungu, var komið fyrir í Seyðisfjarðarsjúkrahúsi um mánaðamótin júlí—ágúst 1966 án innlagsbeiðni frá mér og dvaldist þar sem ellikramarsjúklingur, þar til hún lézt í október 1967“. Í málflutningi hér fyrir dómi hafði lögmaður gagnáfrýjanda ómótmælt af lögmanni aðaláfrýjanda eftirfarandi yfirlýsingu eftir héraðslækninum: „Ég kom til Ólínu og áleit, að hún ætti að leggjast inn á elliheimilið á Seyðisfirði sem ellihrörnunarsjúklingur. Elliheimilið og sjúkrahúsið á Seyðisfirði eru ein og sama stofnunin“.

Að þessu athuguðu hefði gagnáfrýjandi samkvæmt a lið 49. gr. laga nr. 40/1963 um almannatryggingar, sem í gildi voru, er Ólína heitin dvaldist á sjúkrahúsinu, sbr. og 4. mgr. 11. gr. samþykktu fyrir Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps frá 2. marz 1957, eigi getað krafið aðaláfrýjanda um greiðslu fyrir lengri sjúkrahúsvist Ólínu heitinnar en í 5 vikur, þ. e. frá 31. júlí 1966 til 4. september s. á., eða um kr. 16.720.00, en tölulegur ágreiningur er ekki milli aðilja máls þessa.

Héraðsdómsstefna var gefin út 7. desember 1970 og birt 28. s. m. Samkvæmt 1. tl. 3. gr. laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda var krafa þessi þá fyrnd.

Að svo vöxnu máli ber að sýkna aðaláfrýjanda af kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu og dæma gagnáfrýjanda til að greiða aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 8.000.00.

Málskostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, greiðist úr rikissjóði, og hljóti talsmaður aðaláfrýjanda þar af kr. 15.000.00, en aðaláfrýjandi sjálfur kr. 6.225.00.

Dæma ber gagnáfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, er renni í ríkissjóð.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, bæjarsjóðs Seyðisfjarðarkaupstaðar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði, kr. 8.000.00.

Málskostnaður aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, greiðist úr ríkissjóði, og hljóti talsmaður aðaláfrýjanda, Sveinn H. Valdimarsson hæstaréttarlögmaður, þar af kr. 15.000.00, en aðaláfrýjandi sjálfur kr. 6.225.00.

Gagnáfrýjandi greiði málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 21.225.00, er renni í ríkissjóð.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Seyðisfjarðar 10. maí 1971.

Ár 1971, mánudaginn 10. maí, kl. 0945, var í bæjarþingi Seyðisfjarðar, sem haldið var á bæjarfógetaskrifstofunni af Erlendi Björnssyni bæjarfógeta með undirrituðum vottum, kveðinn upp dómur í bæjarþingsmálinu nr. 3/1971: Seyðisfjarðarkaupstaður gegn Sjúkrasamlagi Hróarstungu, sem dómtekið var 7. þ. m.

Mál þetta hefur Seyðisfjarðarkaupstaður höfðað gegn Sjúkrasamlagi Hróarstungu, Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu, með stefnu, útgefinni 7. desember 1970, til greiðslu á kr. 64.685.00, sjúkrahúsvist Ólínu Ísleifsdóttur, Geirastöðum, Tunguhreppi, tímabilið 31. júlí til 31. desember 1966, auk 8% ársvaxta frá 31. desember 1966 til greiðsludags og málskostnaði að skaðlausu. Í sóknarskjali hefur stefnandi gert þá varakröfu, að stefndi greiði kr. 16.720.00 auk vaxta sem áður segir.

Af hálfu stefnda, sem er sjúkrasamlag í Tunguhreppi, en er í málsskjöllum ýmist nefnt Sjúkrasamlag Hróarstungu eða Sjúkrasamlag Hróarstunguhrepps, er krafizt sýknu af öllum kröfum

stefnanda og málskostnaðar að mati dómara. En til vara er vaxta-prósentu mótmælt sem of hárrí.

Málavextir eru þeir, að 31. júlí 1966 var lögð inn í Sjúkrahús Seyðisfjarðar Ólína Ísleifsdóttir, sem í málsskjölum er ýmist talin til heimilis að Geirastöðum eða Hrærekslæk í Tunguhreppi, Norður-Múlasýslu. Sjúkrasamlagslæknir Ólínu, þ. e. héraðslæknir, Þorsteinn Sigurðsson, Egilsstaðakauptúni, hefur í máli þessu vottað utan réttar, að Ólína hafi ekki verið lögð inn eftir beiðni frá sér. En þáverandi héraðslæknir á Seyðisfirði, Valur Júlíusson, sem jafnframt var sjúkrahúslæknir, hefur fært í bækur sjúkrahússins, að Ólína væri lögð inn vegna cholecystopathia (gallblöðrusjúkdóms) og marasmus senilis (ellihrörnnunar). Ólína lá upp frá þessu á sjúkrahúsinu, unz hún andaðist, 19. október 1967. En málshöfðun þessi tekur ekki til sjúkrahúsvistar á því ári.

Stefnandi hefur ekki fært sönnur á, að hann hafi krafist stefnda um greiðslu á nefndri sjúkrahúsvist Ólínu fyrr en haustið 1970. Hann hefur að vísu lagt fram afrit bréfs síns, dags. 19. apríl 1967, þar sem stefndi er krafinn um hina umstefndu upphæð. Bréf þetta kveðst stefndi ekki hafa mótttekið og neitar jafnframt, að sér hafi borizt nokkur önnur kröfugerð eða tilkynning í þessu efni fyrr en á s.l. ári. Hann hefur í greinargerð í máli þessu tekið fram eftirfarandi til stuðnings sýknukröfu:

„1. Svo sem áður getur, er hvergi rökstutt, af hverju umbj. minn ætti að bera ábyrgð á sjúkrahúslegu Ólínu Ísleifsdóttur.

2. Nefnd kona var vistuð á sjúkrahúsið án samráðs við umbj. minn og án samráðs við viðkomandi sjúkrahúslækni, andstætt fyrirmælum 49. gr. a laga nr. 40 frá 1963, sjá réttarskjöl nr. 6 og 7.

3. Í 11. gr. samþykktar fyrir umbj. minn, Sjúkrasamlag Hróars-tunguhrepps, sem staðfest var af félagsmálaráðuneytinu 5/3 1957, sjá Stjórnartíðindi 1957, B, bls. 53, sbr. bls. 99, segir svo í fullu samræmi við 49. gr., a lið, laga nr. 40 frá 1963 um almannatryggingar: „Samlagið greiðir sjúkrahúsvist vegna elli-kramar og alvarlegra langvinnra sjúkdóma, sem lög nr. 78 frá 1936 um ríkisframfærslu sjúkra manna og örkumla taka til, aðeins fyrstu 5 vikurnar, sem hlutaðeigandi dvelst í sjúkrahæli eða hæli vegna þess sjúkdóms“. Samkv. þessum ákvæðum laga og samþykktar fer stefnandi mjög offari í kröfugerð á hendur umbj. mínum. Fimm vikna krafa gæti numið u. þ. b. kr. 12.000.00.

4. Möguleg krafa stefnanda um greiðslu á sjúkrahúskostnaði í fimm vikur er fyrnd skv. ákvæðum laga nr. 14 frá 1905“.

Ad. 1. Stefnandi hefur, eftir að hann lagði fram greinargerð, gefið nánari skýringar á réttarsamböndum aðilja, og hefur stefndi sætt sig við þær.

Ad. 2. Þótt svo segi í lögum nr. 40/1963, 49. gr. a, að ókeypis vistun á sjúkrahúsi sé háð samningi við sjúkrasamlag og ráðleggingum samlagslæknis, hefur þetta lagaboð frá upphafi, eins og það er túlkað af stefnda, brotið í bág við viðskiptavenjur sjúkrasamlaganna og starfsvenjur lækna almennt. Augljóst er, að þessi túlkun fær ekki staðizt, þar sem lagaboðið væri þá óframkvæmanlegt í mjög mörgum bráðum sjúkdómstílfellum. Hvað sjúklinga í dreifbýli snertir, hefur framkvæmdin orðið sú um fjölmörg ár, að fólk, statt utan samlagssvæðis síns, leitar til lækna, sem hafa aðgang að sjúkrahúsum með sjúklinga sína, sem þeir leggja inn, án þess að rétt sé við sjúkrasamlög eða héraðssamlög og samlagslækna. Þegar svona er farið að, geta sjúkrasamlög, einungis til að koma í veg fyrir misnotkun, neitað að greiða sjúkrakostnað og borið fyrir sig, að formsatriðum 49. greinar a hafi ekki verið fullnægt, svo að samlagsmanni beri sjálfum að greiða, enda mundi slík neitun í fjölmörgum tilfellum jafngilda því, að sjúkrahús fengi ekkert greitt, þegar sjúklingur er ekki fær um að greiða. Í þessu máli hefur engin misnotkun verið gerð líkleg í sambandi við vistun Ólínu Ísleifsdóttur á Sjúkrahúsi Seyðisfjarðar, og getur dómariinn því ekki fallizt á það, að stefndi í málinu eigi að vera undanþeginn greiðsluskyldu vegna þess, að formsatriða hafi ekki verið gætt.

Ad. 3. Hvort heldur sem sjúklingurinn þjáðist aðallega af gallblöðrusjúkdómi (cholecystopathia) eða ellihrörnun (maramus senilis) eða hvort tveggja jafnt, sbr. dómsskjal nr. 11, verður að telja ósannað, að ráðuneytið hefði úrskurðað hana styrkhæfa samkvæmt lögum um ríkisframfærslu nr. 78/1936, enda verður ekki séð af málsskjölum, að sjúkrasamlagsstjórn hafi leitað slíks úrskurðar, eftir að henni varð árið 1970 sannanlega kunnugt um margnefnda sjúkrahúsvist. Í þessu sambandi þarf að hafa í huga, að sjúkdómsgreiningin í dómsskjali nr. 11 skýrir heilsufarsástand sjúklings aðeins í mjög stórum dráttum. Mætti t. d. vera, að sjúklingur með lítils háttar einkenni ellihrörnunar og bráðan gallblöðrusjúkdóm yrði ekki umsvifalaust úrskurðaður á ríkisframfærslu af ráðuneyti. Það liggur m. a. ekki fyrir í þessu máli, hvort líkur eru til, að sjúklingur, sem andast á sjúkrahúsi eftir rúmlega ársdöl þar, mundi eftir á hafa verið úrskurðaður á ríkisframfærslu af ráðuneyti án tillits til þess, hver sjúkdómur

var. Dómarinn verður því að fallast á það sjónarmið, sem kemur fram í sóknarskjali stefnanda, dómsskjali nr. 12, að hugsanleg ríkisframfærsla sjúklingsins eigi ekki að hafa áhrif á úrslit máls þessa, úr því að hún ekki hefur enn verið gerð gildandi.

Ad. 4. Af niðurstöðum í Ad. 2 og 3 leiðir það, að um sjálfstæðan fyrningarfrest vegna sjúkrakostnaðar fyrstu 5 vikna er ekki að ræða.

Samkvæmt því, er segir í liðum Ad 2 og 3 hér að framan, ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda að fullu sjúkrahúsvist Ólínu Ísleifsdóttur tímabilið 31. júlí til 31. desember 1966 með kr. 64.685.00.

Vexti af skuldinni ber að ákveða 7% á ári frá 31. desember 1966 til greiðsludags.

Stefnandi hefur sýnt mikið tómlæti við innheimtu kröfu sinnar og m. a. ekki tekizt að sanna, að hann hafi tilkynnt stefnda um hana, fyrr en hún var meira en 3 ára gömul. Krafa stefnanda um málskostnað verður því ekki tekin til greina.

Dómsorð:

Stefndi, Sjúkrasamlag Hróarstungu, greiði stefnanda, Seyðisfjarðarkaupstað, kr. 64.685.00 með 7% ársvöxtum frá 31. desember 1966.

Málskostnaður fellur niður.

Dómi þessum skal fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 2. febrúar 1972.

Nr. 70/1971. **Emil Ásgeirsson, Guðjón Emilsson og Guðmundur Pálsson**

gegn

Oddvita Hrunamannahrepps f. h. hreppsins.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjendur, Emil Ásgeirsson, Guðjón Emilsson og Guð-